

## **Ábending ársreikningaskrár ríkisskattstjóra**

Ársreikningur þessi er áritaður af ríkisendurskoðanda samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga

Lindarhvoll ehf.

Ársreikningur 2023

Lindarhvoll ehf.  
kt. 670416-0460  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og undirritun stjórnar.....	3
Áritun Ríkisendurskoðunar.....	4
Rekstrarreikningur ársins 2023.....	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2023.....	7
Yfirlit yfir sjóðstreymi ársins 2023.....	8
Skýringar.....	9

## Skýrsla og undirritun stjórnar

Ríkissjóður Íslands stofnaði félagið Lindarhvol ehf. til að annast umsýslu, fullnustu og sölu tiltekinna verðmæta sem Seðlabanki Íslands tók á móti í tengslum við stöðugleikaframlag slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja, sbr. 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Í ársbyrjun 2018 hafði Lindarhvoll ehf. að mestu lokið þeim verkefnum sem það hafði með höndum og komið stærstum hluta þeirra eigna í verð, sem það annaðist umsýslu með. Samkomulag varð um það milli stjórnar Lindarhvals og fjármála- og efnahagsráðuneytisins að fella við svo búið niður samning sem ráðuneytið gerði við félagið í apríl 2016 um úrvinnslu og umsýslu stöðugleikaeigna frá og með 7. febrúar 2018. Félaginu skyldi slitið í kjölfarið. Eftir uppsögn samningsins við fjármála- og efnahagsráðherra hefur félagið nær enga starfsemi haft með höndum, önnur en verkefni og mögulegar skuldbindingar sem tengjast dómsmáli og gerð er grein fyrir í skýringu nr. 10.

Hlutafé félagsins nam 30 m.kr. í árslok og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Stjórn Lindarhvals ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2024

Esther Finnbogadóttir

Undirritað rafrænt

# Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Lindarhvals ehf.

## Álit

Ársreikningur Lindarhvals ehf. fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Lindarhvals ehf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Lindarhvoli ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

## Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Lindarhvals ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

## Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun Ríkisendurskoðunar

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu

Ríkisendurskoðun, 2024

Guðmundur Björgvin Helgason  
ríkisendurskoðandi

Undirritað rafrænt

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýring	2023	2022
Framlag ríkissjóðs .....	3	21.298	5.673
Rekstrarkostnaður .....	5	(19.635)	(3.642)
Launagreiðslur .....	6	(2.177)	(2.134)
		<u>(21.812)</u>	<u>(5.777)</u>
<b>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		<b>(514)</b>	<b>(104)</b>
Hreinar fjármunatekjur .....		514	104
<b>Hagnaður (- tap) ársins</b>		<b><u>0</u></b>	<b><u>0</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýring	31.12.2023	31.12.2022
<b>Veltufjármunir</b>			
Skammtímakröfur .....	7	30.856	5.673
Handbært fé .....		<u>29.779</u>	<u>36.539</u>
<b>Eignir alls</b>		<b><u>60.635</u></b>	<b><u>42.212</u></b>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	8	30.000	30.000
Hagnaður ársins .....		<u>0</u>	<u>0</u>
Samtals		<b><u>30.000</u></b>	<b><u>30.000</u></b>
 <b>Skammtímaskuldir</b>			
Skammtímaskuldir .....	9	<u>30.635</u>	<u>12.212</u>
		<b><u>30.635</u></b>	<b><u>12.212</u></b>
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<b><u>60.635</u></b>	<b><u>42.212</u></b>



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður (- tap) ársins .....	0	0
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun), lækkun .....	(25.184)	0
Rekstartengdar skuldir hækkun, (-lækkun) .....	18.423	5.124
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>(6.761)</b>	<b>5.124</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....	(6.761)	5.124
Handbært fé í upphafi árs .....	36.539	31.415
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>29.779</b>	<b>36.539</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar.

Lindarhvoll ehf. starfar á grundvelli laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að annast umsýslu, fullnustu og sölu á eignum ríkissjóðs, móttæknum sbr. 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna.

Ársreikningur Lindarhvols ehf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króða.

## 3. Framlag ríkissjóðs.

Samkvæmt 5. gr. samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. dags. 29. apríl 2016 er kveðið á um að kostnaður við úrvinnslu og ráðstöfun stöðugleikaframlagseigna skuli greiddur af söluvirði þeirra.

## 4. Handbært fé.

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymisýfirliti samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 5. Rekstrarkostnaður.

	2023	2022
Rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Aðkeypt lögfræðiþjónusta .....	14.225	1.933
Virðisaukaskattur vegna aðkeyptrar þjónustu .....	3.511	464
Bókhald, skattskil og endurskoðun .....	1.134	839
Annar kostnaður .....	765	407
Samtals	<u>19.635</u>	<u>3.642</u>

## Skýringar

### 6. Launagreiðslur.

	2023	2022
Launakostnaður er stjórnarlaun:		
Stjórnarlaun .....	1.800	1.800
Launatengd gjöld .....	377	334
Samtals	<u>2.177</u>	<u>2.134</u>

Enginn starfsmaður var hjá félaginu á árinu.

### 7. Skammtímakröfur.

Krafa á ríkissjóð vegna þjónustutekna .....	21.298	5.673
Kröfur á birgja .....	9.558	0
	<u>30.856</u>	<u>5.673</u>

Viðskiptastaða við ríkissjóð vegna þjónustutekna greinist með eftirfarandi hætti:

Rekstarkostnaður ársins .....	19.635	3.643
Launagreiðslur .....	2.177	2.134
Hreinar fjármunatekjur .....	(514)	(104)
Krafa á ríkissjóð vegna nettó gjalda ársins	<u>21.298</u>	<u>5.673</u>

### 8. Eigið fé.

Hlutfé í ársbyrjun .....	30.000	30.000
Hagnaður ársins .....	0	0
Eigið fé samtals	<u>30.000</u>	<u>30.000</u>

### 9. Skammtímaskuldir.

Skuld við ríkissjóð .....	30.635	9.677
Aðrar skammtímaskuldir .....	0	2.535
	<u>30.635</u>	<u>12.212</u>

### 10. Önnur mál.

Frigus II ehf. stefndi íslenska ríkinu og Lindarhvoli ehf. til greiðslu skaðabóta að fjárhæð rúmlega 651 milljón króna vegna tjóns sem félagið taldi sig hafa orðið fyrir vegna sölumeðferðar Lindarhvols á hlutfé í Klakka ehf. og nauðasamningakröfu á hendur sama félagi. Málið var þingfest í september 2020 og dómur féll þann 17. mars 2023 þar sem ríkið og Lindarhvoll ehf. voru sýknuð af öllum kröfum Frigusar. Frigusar hefur áfrýjað málinu til Landsréttar.